



Fjörufjóga í Þorlákshöfn

Bergrisinn, surf- og strandarhátíð, fór fram í Þorlákshöfn sl. laugardag. Er hátíðin hluti af 70 ára afmælisdagskrá þéttbýlis í Þorlákshöfn. Hátíðin var vel sótt og veðrið lék við hvern sinn fingur. Myndasýrpu má finna á bls. 2.

Allt er samkvæmt áætlun

Framkvæmdir við 2. áfanga breikkunar Hringveggar (1) milli Hveragerðis og Selfoss ganga vel og eru á áætlun. Brúarsmíði er í fullum gangi en fimm steypar brýr og undirgöng ásamt tveimur reiðgöngum úr stáli eru hluti verksins. Vinnu við lagnir veitufyrirtækja er að ljúka og er næsta skref að byggja upp Ölfusveg svo beina megi umferð um hann á meðan Hringvegur er byggður upp og breikkaður. Gert er ráð fyrir að austasti hluti hans ásamt hringtorgi við Biskupstungnabraut verði tekinn í notkun haustið 2021 en endanleg verklok samkvæmt útboði eru í september 2023.



Mynd: Vegagerðin.



Slippfélagið er þar sem Tiger var áður til húsa. Mynd: Dagskráin/bv

Slippfélagið opnað á Selfossi

Málningarverslunin Slippfélagið opnaði dyr sínar á Selfossi í dag að Austurvegi 58, þar sem Flying Tiger var áður til húsa. Verslunin leggur áherslu á gott rými og fjölbreytt úrval af vörum. Slippfélagið hefur verið í mikilli sókn undanfarnin ár en verslunin á Selfossi er sú sjötta á 8 árum.

„Við leggjum mikla áherslu á innlenda framleiðslu og erum með eigin framleiðslu á flestum tegundum, en seljum einnig gæðamálningu frá Finnlandi.

Það sem við erum með nýtt herna á Suðurlandi eru listamannavörur, sem hefur ekki verið í boði á þessum skala á Suðurlandi áður. Slippfélagið rekur sérverslun og innflutning á listamannavörum í Fells múla í Reykjavík og er stór hluti af því úrvali hjá okkur á Selfossi,“ segir Ragnar Hólm Gíslason, verslunarstjóri Slippfélagsins á Selfossi.

Allir fjórir starfsmenn verslunarinnar eru faglærðir og sjálfur er Ragnar málrameistari.

Kótelettan haldin um helgina

Fjölskyldudagskráin hefur aldrei verið stærri

Núna um helgina mun Kótelettan, grill- og tónlistarhátíð, vera haldin í 11. sinn á Selfossi. Vegna Covid-19 var ekki hægt að halda hátíðina í fyrra, þannig að það má búast við mikilli stemningu á hátíðinni í ár.

„Undirbúningur er búinn að vera í fullum gangi hjá okkur. Fjölskyldudagskráin hefur aldrei verið stærri og glæsilegri þar sem mikið verður um að vera á sviðinu í Sigtúnsgarði. Allir helstu grillsalar og kjötrframleiðendur landsins



verða saman komnir á stóru grillsýningunni,“ segir Einar Björnsson, hátíðarhaldari.

Ljóst er að nóg verður um að vera á Selfossi um helgina.

Fáðu fagmann í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Suðurlandsdjazzinn í Tryggvaskála 10. júlí nk.

Tónleikaröðin Suðurlandsdjazzinn snýr aftur og verður alla laugardaga í sumar í Tryggvaskála.

Á vaðið ríður stór söngkonan Kristjana Stefánsdóttir og með henni leika Vignir Þór Stefánsson á píanó og Sigurgeir Skafti Flosason á bassa.

Tónleikar hefjast klukkan 15:00 við Tryggvaskála ef veður leyfir annars færum við okkur inn í sal. Frítt er á tónleikana og glæsileg tilboð hjá vertinum.

Verkefnið er styrkt af SASS.

Hlökkum til að sjá ykkur.

ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

GTS ehf

GTS ehf - Guðmundur Tyrfingsson óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:

Starfsmaður á ferðaskrifstofu:

Leitum að starfsmanni til að starfa á ferðaskrifstofu okkar til að vinna við tilboðsgerð, ferðaskipulagningu og reikningaskrif

Hæfniskröfur:

- Góð enskukunnátta, töluð og skrifuð
- Góð tölvukunnátta
- Talnagleggni og nákvæm vinnubrögð
- Getur unnið sjálfstætt og í teymi
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af ferðaþjónustu er kostur
- Menntun er nýttist í starfi

Hægt er að sækja um á www.gts.is eða senda umsókn á gts@gts.is

Bifreiðastjórar:

Leitum að bifreiðastjórum í akstur út frá Selfossi.

Hæfniskröfur:

- Rútuþróf
- Lokið endurmenntunarnámskeiðum
- Stundvísi
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Enskukunnátta æskileg en ekki skilyrði

Hægt er að sækja um á www.gts.is eða senda umsókn á gts@gts.is.

GTS ehf er rótróíð ferðaþjónustufyrirtæki sem var stofnað árið 1969. Skrifstofan er staðsett á Selfossi. Við erum að leita að metnaðarfullu og hressu starfsfólki sem hefur áhuga á að vinna með okkur.

GTS ehf www.gts.is gts@gts.is s. 480 1200

Veðrið lék við fólk á Bergrisanum

Bergrisinn, surf- og strandarhátíð, fór fram í Þorlákshöfn sl. laugardag. Hátíðin var vel sótt og veðrið lék við hvern

sinn finger. Hátíðin er hluti af 70 ára afmælisdagskrá þéttbýlis í Þorlákshöfn, en hátíðarhöld verða fyrstu helgi hvers mán-

aðar út árið af því tilefni. Næst á dagskrá er *Hamingjan við hafid*, sem haldin verður 3.-7. ágúst nk.



Búast við 700 þátttakendum

Hjólreiðahátíðin KIA Gullhringurinn fer fram laugardaginn 10. júlí næstkomandi á Selfossi en skipuleggjendur búast við um það bil 700 þátttakendum sem gerir hann að stærsta hjólreiðaviðburði ársins.

Samgönguráðherra ræsir KIA Gullhringinn

Mikil eftirvænting er bæði hjá þátttakendum, bæjarbúum og skipuleggjendum en hátíðin verður ræst í nýjum miðbæ á Selfossi sem opnar fyrsta áfanga sinn fyrir gestum sömu helgi. Þá er ekki allt upp talið því Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra mun ræsa afreksflokkinn en hann ætlar einnig að hjóla í fjöl-skylduvegalengd hátíðarinnar.

Fjölskyldu- og rafmagnshiólaflakkar

KIA Gullhringurinn er stærsti hjólreiðaviðburður ársins og í ár er boðið upp á mun fjölbreyttari vegalengdir sem gerir hátíðina

aðgengilegri fyrir fleiri þátttakendur. Hægt er að velja um sex mismunandi flokka sem eru frá 12 km og upp í 90 km. Boðið er upp á flokka með enga tímatöku eða svokallað samhjól og þá eru einnig flokkar sem eru opnir fyrir rafmagnshjólum en algjör sprenging hefur orðið í sölu á þeim. Votmúlahringurinn sem er Selfossbúum að góðu kunnur er stysta leiðin en hún er í minningum margra fyrsta „stóra“ hjóleiðaferðin í æsku þeirra.

Arnar Helgi Lárusson formaður SEM, Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra og fjölskylda hafa verið í fararbroddi í að vekja athygli á hreyfingu fyrir hreyfihamlaða.

Formaður SEM er heiðursgæstur

Heiðursgestur hátíðarinnar er Arnar Helgi Lárusson sem nýlega hjólaði 400 km á sólarhring á handhjól en hann er lamaður fyrir neðan brjóstkassa. Með ferðinni sinni vildi Arnar Helgi vekja athyli á hreyfingu hreyfi-

hamlaðra og safna um leið peningum til að kaupa handhjóll fyrir SEM, Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra. Arnar tekur með sér hóp hreyfihamlaðs hjólræðafólks en með þessu vilja SEM og skipuleggjendur háttarinnar leggja áherslu á það að hjólræðar eru fyrir alla og að hreyfing er mikilvæg fyrir alla.

Selfoss nýr heimavöllur

KIA Gullhringurinn fagnar 10 ára afmæli í ár en síðustu níu ár fór hátíðin fram á Laugarvatni. Í febrúar ákváðu skipuleggjendur hátíðarinnar að þekkjast boð Sveitarfélagsins Arborgar og eigenda Sigtúns sem eru að byggja nýja miðbæinn um að koma með keppnina í hjarta Selfoss og hjóla þaðan um Flóann í gegnum Stokkseyri og Eyrarbakka. „Fyrst og fremst erum við að færa hátíðina til að tryggja öryggi keppenda. Flóinn er fallettur og flatur að mestu og á laugardagskvöldum er umferð lítil bannig að hjóltreidda-

fólk nýtur dagsins og kvöldsins
í gleði og öryggi,“ segir Þórir
Erlingsson.

Þórir Erlingsson forseti mótstjórnar Víkingamótanna sem stendur fyrir KIA Gullhringshátiðinni ræsti þátttakendur í fyrra á Laugarvatni.

Gaman að koma með keppnina „heim“

„Því er ekki að neita að það að fá þessa fallettu umgjörð, sem nýi miðbærinn er, utan um hátíðina okkar og hjóla síðan í gegnum Stokkseyri og Eyrarbakka er bara yndislegt. Við erum nokkrir hérna í hópi skipuleggjenda sem eru aldri upp hérna á þessu svæði og okkur þykir gaman að koma með KIA Gullhringinn heim,“ bætir Þórir Erlingsson við en hann er forseti mótstjórnar Víkingamótanna sem stendur fyrir hátíðinni.

Sjálfbært og samfélagslega ábyrgt samstarf við Árborg

Samstarf okkar við Árborg er



líka á forsendum sem við viljum kalla sjálfbærar en sveitarfélagið styður við framkvæmd mótsins í formi þríhliða samnings á milli okkar, þeirra, íþróttafélaga og björgunaraðila í sveitarfélaginu. Þannig er þetta fjárfðunarverkefni fyrir uppbyggingu og starfsemi þessara aðila og renna greiðslur beint til þeirra án aðkomu okkar. Þennan hátt höfum við haft á í Hveragerði í kringum Hengil Ultra-hlaupið sem er önnur keppni sem við höldum og þetta hefur reynt afskaplega vel bar.



Pólitískt skipaðar barna-verndarnefndir lagðar niður

- *Víðtækar breytingar á barnaverndarlögum samþykktar*

Alþingi hefur samþykkt Afrumvarp Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra, um breytingu á barnaverndarlögum. Málið er liður í endurskoðun laga um þjónustu í þágu barna. Um er að ræða fyrri hluta heildarendurskoðunar barnaverndarlaga.

Í lögunum felst meðal annars að pólitískt skipaðar barnaverndarnefndir verða lagðar niður. Í stað barnaverndarnefndar verður starfrækt barnaverndarþjónusta og umdæmisráð barnaverndar á vegum sveitarfélaga. Sérstök áhersla er lögð á fagþekkingu innan umdæmisráða barnaverndar. Þá er kveðið á um að barnaverndarumdæmi séu almennt ekki fámennari en 6.000 íbúar. Sveitarfélög geta þó fengið undanþágu frá reglum um lágmarksíbúafjölda ef þau sýna fram á lágmarksfagþekkingu á barnavernd.

Lögumum er jafnframt ætlað að gefa færi á samþættingu barnavendarþjónustu við aðra þjónustu sem er veitt í þágu barna. Tengjast ákvæði laganna að því leyti öðrum frumvörpum sem urðu að lögum í gær um

sambættingu þjónustu í þágu
farsældar barna.

Við vinnslu frumvarpsins hafði ráðherra viðtækt samráð við almenning og hagsmunaaðila um efni frumvarpsins frá því að áform um heildarendurskoðun barnaverndarlaga voru kynnt í október 2019. Við undirbúning frumvarpsins var meðal annars haft samráð við börn, en í lög- unum eru meðal annars ákvæði sem miða að því að styrkja réttindi barna við meðferð barna- verndarmála.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra: „Ég er virkilega glaður og ánægður með að Alþingi hafi samþykkt þetta frumvarp um breytingu á barnaverndarlögum, en málið er hluti af mestu breytingu á kerfinu sem ráðist hefur verið í síðustu áratugi. Markmiðið í allri þessari vinnu er að barnið verði hjartað í kerfinu og að kerfið vinni fyrir börnin. Það hefur verið frábært að vinna þetta mál með öflugum hópi fólks og vil ég nota tækifærið og þakka þeim fyrir þeirra ómetanlega starf. Við erum rétt að byrja.“

— ✂ — SELFOSS 9.-11. JÚLÍ — ✂

KÓTELETTAN

BBQ & MUSIC FESTIVAL 2021

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ KÓTELETTUNNAR 2021 - FRÍTT INN!

BRÍET · HERRA HNETUSMJÖR · BENEDIKT BÚÁLFUR
SVEPPI · ÍPRÓTTAÁLFURINN OG SOLLA STIRÐA
BMX BRÓS · SPRELL TIVOLI · VELTIBÍLLINN · OFL.

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

*KOTELETTAN

FACEBOOK/KOTELETTAN

WWW.KOTELETTAN.IS

pepsi
MAX

Rjómabúið á Baugsstöðum

Fjóra kílómetra austan Stokkseyrar, skammt frá Knarrarósvita, stendur látlaus bygging úr timbri klædd bárujárni. Á austurhlíð þess er vatnshjól sem mjór skurður rennur um. Þetta er Rjómabúið á Baugsstöðum sem fyrir öld síðan var stór hluti af hagkerfi bænda þar um slóðir. Rjómabúið eða smjörbú skiptu mörgum tugum í upphafi 20. aldar á Íslandi en fyrirmyndin var starfsemi slíkra rjómabúa í Danmörku. Af öllum þessum fjölda rjómabúa sem starfrækt voru á sínum tíma er einungis Rjómabúið á Baugsstöðum varðveitt í dag með skálahúsi, tækjum og tólum.

Rjómabúið á Baugsstöðum var stofnað 8. október 1904 og tók til starfa 21. júní 1905. Stofnfélagar voru 48 bændur úr Stokkseyrarhreppi og Gaulverjabæjarhreppi en síðar gengu bændur úr Villingaholtshreppi í rjómabúið. Þetta var samvinnufélag. Það var starfrækt til 1952 en blómaskeið þess var frá upphafi og til 1920. Bændur komu með rjóma í brúsum á klyfjahestum og fyrst og fremst var framleitt smjör en einnig ostar. Í upphafi var grafinn aðveituskurður úr Hólavatni að Baugsstaðá og vatnshjól knúði vélar búans. Megnið af framleiðslunni var til útflutnings en einnig á sístækkandi markað í Reykjavík. Ýmis önnur þjónusta var í boði, hægt að láta hlaða rafgeyma fyrir útvarp og einnig var þarna kornmylla um skeið. Starfsfólk rjómabúsins voru konur sem voru sérmenntaðar



í Mjólkurskólanum á Hvítarvöllum í Borgarfirði. Frá 1928 til 1952 störfuðu í Rjómabúinu á Baugsstöðum þær Guðrún Andrésdóttir aðstoðarkona og Margrét Júníusdóttir rjómabússtýra. Eftir það ráku þær verslun í húsinu til láts Margrétar 1969. Tæki rjómabúsins og áhöld voru varðveitt áfram eftir að starfsemi þess var hætt og átti það eftir að koma sér vel síðar. Árið 1971 var stofnað til varðveislufélags um rjómabúið. Voru það Baldur Teitsson símstöðvarstjóri, Jóhann Briem listmálari og Þór Magnússon þjóðminjavörður sem hvöttu til þess að rjómabúið yrði varðveitt um aldur og ævi sem minjar um merkt skeið í búnaðarsögu Íslands. Heimamenn tóku síðan frumkvæðið. Rjómabúið var opnað sem safn sumarið 1975

að viðstöddum Kristjáni Eldjárn forseta Íslands og hefur það verið opið á sumrin síðan þar sem tæki þess og tól hafa talað sínu máli. Rjómabúið var friðlýst af menntamálaráðherra árið 2005 á 100 ára afmæli þess. Á 100 ára afmælinu var jafnframt gefin út lítil og snotur bók um Rjómabúið á Baugsstöðum eftir Helga Ívarsson og Pál Lýðsson. Rjómabúið á Baugsstöðum er opið laugardaga og sunnudaga í júlí og ágúst kl. 13-18. Hópar og skólar geta skoðað rjómabúið á öðrum tímum. Rjómabúið er upprunalegt að öllu leyti og eru vélar þess gangsettar fyrir gesti. Sjón er sögu ríkari. Vert er að geta þess að Knarrarósviti sem er þar skammt frá er einnig opin gestum á sama tíma og gott betur, því hann er einnig opin virka daga.

Bréf frá Rakel Sveins

Ég er hreyfihömluð kona en mikil félagsvera. Ég hef mjög gaman af því að hitta fólk og næ að gera flest allt sem mig langar til. Það skiptir mig miklu máli að fara út í búð sjálf, það er ákveðin valdefling sem felst í því fyrir mig persónulega. Nú er staðan sú í Krónunni og Rúmfatalagernum hér á Selfossi að þar er enginn hjólastóll. Mér hefur verið tjáð að ástæðan fyrir því er að krakkar hafi eyðilagt hann. Nú hef ég margoft óskað eftir því að nýr sé fenginn í stað þess sem eyðilagðist en vikurnar og mánuðirnir líða og ekkert gerist. Búðarferðir fyrir

mig núna þýða kvöl og þína, nú þarf ég að hanga á kerrunni á meðan ég versla og er mjög verkjuð í fótunum nokkra daga eftir hverja búðarferð. Ástæðan fyrir því að ég skrifa þetta hérna er að það eru fleiri en ég sem eru hreyfihamlaðir og þurfa nauðsynlega á hjólastól að halda í búðum. Við erum fólk sem viljum versla sjálf og höfum mjög gaman af því að hitta fólk í búðinni og geta valið það



sem okkur langar í að borða sjónrænt. Mig langar að biðla til verslunarstjóranna í þessum búðum um að fá nýjan hjólastól og biðja foreldra barna um að virða stólana og ekki leyfa börnum að leika í þeim því þeir gætu skemmt og það hefur þær afleiðingar að fólk eins og ég á erfitt með að fara í búð.

Virðingarfyllst,
Rakel Sveinsdóttir.



Matgæðingur vikunnar að þessu sinni er Teitur Örn Einarsson.

Ég vil byrja á að þakka Ara Svanssyni fyrir áskorunina.

Ég hef þetta bara einfalt og þægilegt.

Nautahakk à la Teitur

500 gr. nautahakk steikt á pönnu og setja salt og pipar út á. Hræra 8-10 egg og bæta salti og pipar út í og blanda þessu svo saman og setja pítusósu yfir.

Ég skora á Hauk Þrastarson, lítila frænda.



Skorað er á **Hauk Þrastarson**.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Tilkynning frá Sveitarfélaginu Árborg

Miðvikudaginn 30. júní voru kveðnir upp úrskurðir mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem varða málefni tiltekinnar barna í skólahverfi Stekkjaskóla.

Niðurstaða ráðuneytisins er að það teljist stjórnvaldsákvörðun að flytja þessi börn milli skóla vegna breyttra skólahverfa. Því berir sveitarfélaginu að fara að ákvæðum stjórnsýslulaga við þá tilfærslu en í því felst m.a. að tilkynna um fyrirhugaða ákvörðun og veita andmælarétt. Ráðuneytið viðurkennir hinsvegar heimild sveitarfélagsins til að setja stjórnvaldsfyrirmæli um skólahverfi og því verða nemendur í 1. bekk Stekkjaskóla ekki fyrir áhrifum vegna úrskurðar ráðuneytisins.

Foreldrar barna í 2. - 4. bekk sem fengu tilkynningu um flutning barns úr fyrri skóla yfir í

Stekkjaskóla munu fá sérstakt bréf í framhaldi ofangreinds úrskurðar mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þar verður þeim gefinn kostur á koma sjónarmiðum sínum og andmælum að, áður en endanleg ákvörðun verður tekin um flutning barns þeirra.


Samráð er haft við Samband íslenskra sveitarfélaga og verður óskað eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að fara yfir úrskurðinn og málefni Stekkjaskóla. Eins og upplýst var um í svörum Sveitarfélags Árborgar til ráðuneytisins vegna málsins eru engin merki um annað en að í haust verði til staðar fullbúið skólahúsnæði Stekkjaskóla sem mætir þeim kröfum sem gerðar eru til slíks húsnæðis.

Sveitarfélagið Árborg biðst velvirðingar á þeirri stöðu sem upp er komin vegna þessa.



82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku*



*samkvæmt Gallup-könnun okt. - nov. 2018

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyragrævi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyragrævi 25, Selfoss, fyrir hádegis á mánuðögum. Upplag: 8700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Nytjagróðurinn nærir ég.
Ég níðist á bókum verkamanna.
Fjárbændum annríki færi ég.
Fáir tilveru mína sanna.

Svar við gátu í blaði 2604: **BRÁ.**
1. lína: **Tíðrá** - 2. lína: **Valbrá**
3. lína: **Auga-/Yggliðrá** - 4. lína: **Baldursbrá**

Við höfum málað með Íslendingum í meira en 115 ár!



Ferjukot er sögufrægur
verslunarstaður við Hvítá í Borgarfirði.
Gamli bærinn er nýppgerður og
málaður með málningu frá **Slippfélaginu**.

Málaðu með útimálningu frá **Slippfélaginu**:

HJÖRVI á bárujárnnið VITRETEX á steininn

Hágæða efni sem þola íslenskt veðurfar.
Leyfðu reynslumiklum sérfræðingum okkar aðstoða þig.
Hafðu samband og þeir gera þér tilboð.

Ragnar Hólm Gíslason
Verslunarstjóri á Selfossi
ragnar@slippfelagid.is
S: 897 8913



Steindór Elíson
Sölumaður
steindor@slippfelagid.is
S: 590 8515



**SLIPPFÉLAGIÐ ER
KOMIÐ Á SELFÖSS**

SLIPPFÉLAGIÐ
Fellsmúla 26 og Skútuvogi 2,
Reykjavík, S: 588 8000
Dalshrauni 11, Hafnarfirði, S: 588 8000
Hafnargötu 54, Reykjanesbæ, S: 421 2720
Austurvegi 58, Selfossi, S: 482 1250
Gleráreyrum 2, Akureyri, S: 461 2760

Opið:
8-18 virka daga / 10-14 laugardaga
slippfelagid.is



SLIPPFÉLAGIÐ



Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is | www.prentmetoddi.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Auglýsing á skipulagstillögum í sveitarfélaginu Ölfusi



ÖLFUS

Aðalskipulagsbreyting vegna nýs íbúðarhverfis vestan Þorlákshafnar

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti á 291. fundi sínum þann 27. maí 2021 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á reit Í11 í aðalskipulagi. Þar er nú gert ráð fyrir íbúðasvæði með fjölbreyttu búsetuformi í einbýli, fjölbýli, par- og raðhúsum. Hverfið er vestan byggðar í Þorlákshöfn en sunnan við framlengingu Selvogsbrautar til vesturs. Afmarkað er íbúðarsvæði, auk svæðis fyrir samfélagsþjónustu.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1 frá 7. júlí til 19. ágúst 2021.

Þeir sem vilja gera athugasemdir er bent á að senda tölvupóst á skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 19. ágúst 2021.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi Ölfuss

Sturlunga er uppáhaldsbókin mín

segir lestrarhesturinn Guðmundur Stefánsson

Guðmundur Stefánsson er Flóamaður, fæddur í Tíni, lengi bóndi í Hraungerði en býr nú á Selfossi. Búfræðimenntaður frá Hvanneyri. Starfaði um tíma hjá Búnaðarsambandi Suðurlands og hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum.

Hvaða bækur ertu að lesa núna og hvernig velur þú þær?

Bækur vel ég mér á bókasafninu með því að fletta upp á nokkrum stöðum og grípa ofan í þær og vita hvernig mér falla þær. Þessar bækur hafa komið við á náttborðinu hjá mér að undanförmu: Innansveitarkronika sem ég er að lesa öðru sinni. Þar segir HKL frá ýmsum atburðum í Mosfellssveit og færir í spaugilegan buning eins og þegar undirskriftarlistar gengu um sveitina, annar með en hinn á móti því að rífa Mosfellskirkju. Allir skrifuðu á báða listana. Líka segir þar af hinum móðurlausu Stefáni Þorlákssyni sem á stroki norður í land fékk að gista á Hrísbú og gisti þar í átján ár. Ævisögu Björns Eysteinsonar var ég líka að lesa öðru sinni. Hún segir frá harðri lífsbaráttu á síðari hluta 19. aldar, þegar fjöldi fólks fór af landi brott. Þegar Björn komst í þrot flutti hann hins vegar með fjölskyldu sína inn á heiðar og lifði mest á veiðum, komst af og efnaðist síðar. Kersni Björns og skrávefur og glettur hans við mótstöðumenn, gerir frásögnina skemmtilega. Svo er það Sapiens, mannkynssaga í stuttu máli, eftir Yuval Noah Harari, þýdd af Magneu J. Matthíasdóttur sem er mikil bók, um 470 blaðsíður. Þar er rakinn ferill mannsins frá öröfi, kafað í eðli hans, athafnir og lifnaðarhætti. Bókin er ólík öðrum mannkynssögum að því leyti að hún fjallar almennt ekki um ríkjamyndanir og einstaka valdamenn. Áhugaverð bók með áhugaverðu sjónarhorni á hegðun og hneigðir mannsins.

En hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Helst höfðu til mín bækur um þjóðleg efni, fornsögur, ævisögur og bækur um þróun mannsins og heimsins. Að undanförmu hef ég gert nokkuð af því að endurlesa bækur sem mér hefur fundist varið í. Sögulegar skáldsögur og frjálsegar frásagnir þykja mér bestar. Þar er raunveruleikinn skammt undan, en höfundur hefur leyfi til að færa efnið í buning, svolítið til hliðar við veruleikann. Ekki sakar þegar spaugsemin kraumar undir. Í því sambandi vil ég nefna Sögur úr Síðunni eftir Böðvar Guðmundsson, Bréf til Brands eftir Harald Bessason og Innansveit-



arkróniku eftir Halldór Laxness. Sturlunga er uppáhaldsbók hjá mér. Hún er fyrst og fremst atburðasaga þar sem ekki er alltaf ljóst hvað býr að baki atburða og átaka. Það gefur tilefni til ígrundunar og gerir söguna áhugaverðari. Af Íslendingasögum hef ég lesið flestar, ef ekki allar. Eins og fleirum finnst mér Njála bera af. Hún er svo margslungin, frásagnarstíllinn sérstakur og svo eru þar ekki bara átök milli óskyldra, heldur líka innan fjölskyldna. Athyglisverður þykir mér líka Ívars þáttur Ingi mundarsonar sem sýnir að samtalsmeðferð hefur verið þekkt aðferð í sálfræði fyrir þúsund árum. Ólíkar eru líka bardagalyðsingarnar í Íslendingasögum og Sturlungu. Í Sturlungu eru bardagarnir hjakk. Enginn er klofinn í herðar niður og Snorri Sturluson segir sín lokaorð með höfuðið áfast. Áhugaverðar þykja mér líka bækur þar sem rýnt er í þessar fornu bækur með greiningum, ályktunum og oft getgátum um ýmislegt í þeim. Má þar nefna Goðamenningu eftir Gunnar Karlsson sem er vísindalega unnin og svo Höfund Njálu eftir Barða Guðmundsson og Sköpun Njálssögu eftir Sigurð í Hvíárholti sem eru frjálselegri í umfjöllun. Þá vil ég nefna ritröðina Íslenska örlagaþætti eftir Sverri Kristjánsson og Tómas Guðmundsson og Vér Íslandsbörn og Íslenskt mannlíf eftir Jón Helgason Tímaritstjóra sem einnig má kalla örlagaþætti. Þessar bækur allar fjalla bæði um örlög fyrirlíks og hinna lægra settu, andstreymi þess og meðbyr. Ritröð Einars Pálssonar um Rætur íslenskrar menningar eru áhugaverðar. Þar kafar hann í djúp fortíðarinnar og fer þar vítt um veröld. Umdeildar eru þó kenningar hans um að helstu landnámsmenn hafi mælt út bústaði sín út frá ákveðnum formúlum, fremur en að líta til landkosta.

Varstu alinn upp við lestur bóka?

Ég varð snemma læs og ég held að ég hafi verið bókaormur sem krakki og las allar þessar helstu barnabækur sem þá voru vinsælastar. Bækurnar um Hjalta litla, Nonnabækurnar, bækurnar eftir Ármann Kr. Einarsson og ævinýri H.C. Andersen, svo dæmi sé tekið. Snemma las ég allar helstu Íslendingasögurnar og þjóðsögur. Teiknimyndasögur fengu líka að fljóta með eins og Prins Valiant.

En hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Eftir að ég komst á fullorðinsaldur les ég samfelldan texta nær eingöngu á kvöldin. Ef ég er eitthvað að höndla með bækur á daginn, þá er það meira til uppsláttar í leit að upplýsingum eða að ég glugga í áðurlesna texta.

Áttu þér uppáhaldshöfunda?

Fáir eru í svo miklu uppáhaldi að ég hafi lesið öll þeirra verk upp til agna. Það væri þó helst að nefna áður nefnda höfunda eins og Tómas Guðmundsson, Sverri Kristjánsson og Jón Tímaritstjóra.

En að lokum frændi, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rit höfundur?

Ég skrifaði 100 ára afmælisrit Nautgriparæktarfélags Hraungerðishrepps 1911 - 2011 sem er tuttugu síðna gormahefti og svo á ég í handriti Síðari tíma sögu Flóaaðveitunnar sem eru fjórtán vélritaðar síður sem gæti auðveldlega orðið annað gormahefti. Þorabrótsskemmtiefni hef ég skrifað, bæði í bundnu og óbundnu máli. Ætli það yrði ekki eitthvað í svipuðum dúr sem ég myndi skrifa ef ég færi út á þá braut. Hreina skáldsögu myndi ég varla reyna að skrifa.

Lesturhesturinn er samstarfsverkefni Bókabæjanna austanfjalls og Dagskrárinnar. Ritstjórn í höndum Jóns Ózurar Snorrasonar og mega áhugasamir senda honum línu á jonozur@gmail.com.

BYKOVIÐ GRILLUM Á **NAPOLEON** GRILLUM Á STÓRU
GRILLSÝNINGUNNI 2021! KOMDU OG KÍKTU Á OKKUR!

SELFLOSS 9.-11. JÚLÍ

KÖTELETAN

BBQ & MUSIC FESTIVAL 2021

**25%**
afsláttur
af öllum
Napoleon
grillumAllt að
50%
afsláttur!SUMAR
ÚTSALASjáðu öll tilboðin á byko.is

*ekki rafmagns

**-20%**

Reiðhjól*

**-20%**

Gjoco viðarvörn XO

**-25%**

Garðhúsgögn

**-25%**

Timburblómakassar

**-20%**

Girðingaeiningar

*ekki Honda

**-25%**

Bensínsláttuvélar*

**-25%**

Hekkklippur

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Verslaðu á netinu á byko.is

»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is
www.dfs.is



Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir,
tengdadóttir, tengdamóðir og systir okkar.

DAGNÝ ERLENDSDÓTTIR
Leikskólakennari, Heinabergi 23,
Þorlákshöfn



Lést á Tenerife 19. júní síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá
Þorlákskirkju þann 10. júlí klukkan 14. Blóm og kransar
afþakkaðir en þeir sem vilja minnst hennar er bent á yngri
flokka starf Kkd. Þórs Þorlákshafnar, reikningur
0152-15-200073, kt. 680312-0959.

Stefán Hauksson

Erlendur Ágúst Stefánsson	Elisabet Bára Baldursdóttir
Katrín Stefánsdóttir	Arnór Ingi Gíslason
Daníela Stefánsdóttir	Matthías Bjarnason
Erlendur Danielsson	Gréta Jónsdóttir
Anna Ingileif Erlendsdóttir	Grímur Þórisson
Viktória Björk Erlendsdóttir	Porgils Magnússon

tengdaforeldrar og aðrir aðstandendur

SKIPULAGSLÝSING FYRIR SUÐURHÁLENDIÐ

Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suður-
hálandis vinnur nú að gerð nýs svæðisskipu-
lags fyrir Suðurrhálandið sem nær til eftirtalinnna
sveitarfélaga: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur,
Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur,
Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamanna-
hreppur, Bláskógabyggð, og Grímsnes- og
Grafningshreppur. Auk þessara taka sveitarfélögin
Flóahreppur og Árborg þátt í verkefninu.

Í samræmi við 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
skal samvinnunefnd sem vinnur að gerð nýs
svæðisskipulags „...taka saman lýsingu á skipu-
lagsverkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða
áherslur nefndin hefur við gerð skipulagsins, for-
sendum þess og fyrirbyggjandi stefnu og hvernig
kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum
hagsmunaaðilum“.

Skipulagslýsing ásamt fylgigögnum liggur nú fyrir
og geta þeir sem áhuga hafa á kynnt sér hana á
heimsíðu verkefnisins: sass.is/sudurhalendi/.

Þeir sem vilja koma með ábendingar eða athuga-
semdir um fyrirbyggjandi gögn eða efni skipulags-
lýsingar geta skilað þeim til svæðisskipulags-
nefndar á netfangið: sudurhalendi@sass.is.

**Frestur til athugasemda er gefinn til
og með 15. ágúst nk.**

Endanleg tillaga verður kynnt almenningi með
formlegum hætti og auglýst í samræmi við ákvæði
skipulagslaga.

Svæðisskipulagsnefnd Suðurrhálandis

1,6 milljarða framkvæmd í Árborg

**Guðmundur
Ármann**



Fyrir rúmum áratug voru uppi
verulegar áhyggjur af framtíð
Litla-Hrauns. Fangelsið er einn
stærsti vinnustaðurinn í Árborg
og hefur starfsemin mikil marg-
feldisáhrif inn í nærsamfélagið.

Bygging á nýju fangelsi á
Hólmsheiði kallaði á þeim tíma
fram spurningar og áhyggjur.
Athyglin hefur ekki verið á Litla-
Hrauni síðustu ár. Breytingar
hafa verið umtalsverðar í fang-
elsismálum. Fangelsið er verið
lokað og önnur opnuð, starfsemin
þróuð og nýjar og breyttar
áherslur komið fram. Fram kemur
að alþjóðlegar nefndir geri
athugasemdir við starfsemina.
Það er því ekkert í hendi þegar
kemur að framtíð Litla Hrauns.

Það er auðséð þrátt fyrir þessa
stöðu að unnið er gott starf á
Litla-Hrauni. Framkvæði og ný-
breytni fær stuðning innan fang-
elsisins og þar er unnið að því
að færa fangelsið og starfseminu
nær kröfum nútímans. Þessu
miðar þrátt fyrir að unnið sé við

þrógan kost og oft við krefjandi
aðstæður. Eitt af því sem er eftir-
tektarvert með áherslur á Litla-
Hrauni er opnun út í samfélagið
og samstarfsvilji.

Skólastarf blómstrar á Litla-
Hrauni í samvinnu við FSu, en
um þriðjungur fanga er að jafnaði
í námi á ýmsum stigum. Það
er vel að verki staðið og sannarlega
samstarf sem skilar árangri.

Mikil vakning er innan
fangelsisins á sviði hugleiðslu
og núvitundar og þar dregur
Tolli Morthens vagninn. Geð-
heilsuteymi er að nálgast heilbrigðisþjónustu
við fanga með áhugaverðum hætti og áfram
mætti tiltaka uppbyggileg dæmi.
Það eru því mikil tímamót nú
er dómsmálaráðherra kynnti að
ríkisstjórnin hefði samþykkt til-
lögu ráðherrans um mikla upp-
byggingu á Litla Hrauni.

Með þessari ákvörðun er allri
óvissu er varðar framtíð fangelsisins
eytt og þessi stóri og mikilvægi
vinnustaður festur enn betur í sessi
á þeim umbreytingatímum sem eiga sér
stað í fangelsismálum á Íslandi. Starfseminni
á Litla Hrauni er ætlað að vera í
fararbroddi, ekki í lausu lofti og á
undanþágum.

Litla Hraun mun þannig

standast allar nútíma kröfur og
mæta alþjóðlegum viðmiðum.
Eitt af því sem er sérstaklega
ánægjulegt við þessa framkvæmd
er að komið verður fyrir öflugri
heilbrigðis- og endurhæfingabjónustu.
Hugað verður sérstaklega að geðheilbrigði
enda mjög mikilvægur þáttur í refsivörslu-
kerfinu. Þannig mun það starf sem
hefur verið og er verið að byggja upp,
fá umgjörð og nauðsynlegt pláss þannig
að það geti vaxið og þróast áfram.

Með þessum miklu framkvæmdum
verður öll aðstaða bæði fyrir fanga
og starfsfólk stórlega bætt. Komið hefur
fram að aðbúnaður og aðstaða að-
standenda til heimsóknna verður einnig
bætt. Því ber sérstaklega að fagna
enda eru sterk tengsl fanga við fjölskyldu
eitt það mikilvægasta varðandi velgengi
fanga eftir að fangelsisvist lýkur.
Þessi mikla uppbygging á Litla-Hrauni
mun hafa mikil og jákvæð áhrif inn í
sveitarfélagið allt. Við munum öll njóta
góðs af, en þó mest þeir sem dvelja og
starfa á Litla-Hrauni.

Áætlaður kostnaður við þessa
stórframkvæmd er 1,6 milljarður.

Hvað er að gerast í húsnæðismálum og hvert stefnir?

Fasteignamarkaðurinn hefur
náð ævintýralegum hæðum
nýverið og virðist ekki sjá fyrir
endann á því. Húsnæðisverð hefur
hækkað um tugi prósentu á síðustu
árum og leiguverð fylgt þar hratt á eftir.
Þetta er nokkuð kunnuglegt ástand og
rifjar upp „góðæris árin“ og eftir-
mála þeirra. En hvað er í raun og
veru í gangi á hinum íslenska
húsnæðismarkaði?

Framboð á húsnæði, hvort heldur
er að kaupa eða leigja er langt undir
eftirspurn og er markaðurinn orðinn
„galinn“ í verðmyndun sem setur stóran
hóp af fólki á hálfgerðan veggang og
veldur miklum ójöfnuði þegar kemur
að getu til kaupa eða leigu húsnæðis.

Það er furðulegt að horfa upp á
þetta ástand á meðan miklar breytingar
ganga yfir þjóðfélagið á öðrum sviðum
og þykja sjálfsagðar. Hvernig má það
vera að samfélagið geti ekki tryggt fólki
öruggt þak yfir höfuðið á viðráðanlegu
verði? Hvernig getur almenningur sætt
sig við að neyðarástand sé normið í
málaflokki sem er algjör grundvöllur
þess að fólki líði vel og að komandi
kynslóðir alist upp í öruggu og heilnæmu
umhverfi?

Félagsmenn Bárunnar hafa ekki
farið varhluta af viðbrögðum við þeim
vísufaraldri sem enn er í gangi en sér
nú vonandi fyrir endann á. Atvinnuleysi
hjá félagsmönnum hefur mælst upp í
20%. Svæðið hér er viðkvæmt

og þar sem ferðaþjónustan hafði vaxið
mjög þá bitur þetta meira en elli. Hlutfall
félagsmanna í ferðaþjónustu var komið
í 40% áður en covid skall á. Það voru
svóltið sláandi niðurstöður úr könnun
sem Varða rannsóknarstofa vinnumarkaðarins
gerði á dögunum varðandi þetta svæði
hér. Yfir 30% þeirra sem svöruðu áttu
erfitt með að ná endum saman, fjárhagsstaða
Bárukarla almennt verri en í öðrum félögum
og hlutfall innflytjenda herra. Niðurstöður
þessar kalla á frekari skoðun á stöðu okkar
félagsmanna. Þegar verður atvinnuleysi
og félagsmenn fara að fá tekjutengdar
bætur og fara svo á grunnbætur verður
staðan mjög slæm. Atvinnusvæðið hefur
haft orð á sér fyrir að vera láglaunasvæði
og ekki síður þess vegna þarf að fá fjölbreyttari
störf, atvinnurekendur þurfa að sýna metnað
gagnvart starfsfólki sem skilar sér í hærri
launum. Þetta er áskorun og samvinna
allra sem hlut eiga að máli til framtíðar.
Huga þarf að heildarhagsmunum ekki sér-

hagsmunum. Verðmætin liggja í þeim sem
störfunum sinna.

Það er nauðsynlegt að húsnæðiskreppan
komist á dagskrá í baráttunni fyrir þingkosningarnar
í haust.

Við sem störfum í verkafélögum
vitum að öruggt húsnæði á viðráðanlegum
kjörum er forsenda velferðar og hamingjuríks
fjölskyldulífs. Við höfum séð það aftur og aftur
í gegnum árin. Við vitum líka hvernig það
getur étið fólk upp í angist og kvíða að fá
ekki notið öruggs húsnæðis á viðráðanlegum
kjörum.

Húsnæðismálin eiga ekki að vera einkamál
hins „frjálsa“ markaðar. Það hefur sýnt sig
að hann ræður ekki við það verkefni að tryggja
öllum þak yfir höfuðið. Núverandi húsnæðis-
kreppa verður ekki leyst nema með kröftugri
aðkomu hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga.
Og málið þolir enga bið.

*Halldóra Sigr. Sveinsdóttir,
formaður Bárunnar,
stéttarfélags.*



Árborgarsíðan

Fréttir og fróðleikur frá Sveitarfélaginu Árborg



Málefni eldri borgara í Árborg

Stofnaður hefur verið bakhópur með þeim starfsmönnum félagsþjónustu sem koma að málefnum eldri borgara. Við stöndum frammi fyrir miklum áskorunum á næstu árum þar sem þjóðin er að eldast og þjónustan að breytast.

Bakhópurinn mun rýna og skoða þjónustuna og finna leiðir til að gera hana heildstæða og sem skilvirkasta fyrir notendur. Spennandi nýjungar eru að koma fram, m.a. skjáheimsóknir og með því að nýta vel tæknimöguleika sem í boði eru ætti að verða auðveldara að takast betur á við stækkandi hóp þjónustunotenda á næstunni. Einnig skal alltaf leitað við að vinna í anda snemmtæks stuðnings til þess að gera notendum kleift að halda sem lengst í sjálfstæði sitt og búa heima. Heimsendur matur er nú aftur í boði í sveitarfélaginu eftir

tveggja ára hlé og hafa um 70 eldri borgarar nýtt sér þjónustuna mánaðarlega síðan um áramót 2020/2021.

Á árinu var m.a. farið í átak til að rjúfa félagslega einangrun með styrk frá félagsmálaráðuneytinu og erum við einnig búinn að fá styrk fyrir sumarið 2021 þar sem unnið verður markvisst í fjórum liðum:

Símtöl: Á tímum samkomubannsins var sveitarfélagið með það verkefni að hringja í alla íbúa sveitarfélagsins sem voru eldri en 80 ára og voru þeir mjög ánægðir að fá þau símtöl. Stefnt verður á að hringja í aldurshópinn 75-80 ára þar sem eldri aldurshópurinn hefur þegar fengið nokkur símtöl í fyrri COVID-19 bylgjum. Starfsfólk í ungmennahúsi hafa haldið utan um þetta mikilvæga verkefni.

Hreyfing: Ráðinn verður fag-

menntaður aðili til að bjóða upp á hreyfingu fyrir eldri borgara s.s. göngur, kennslu á útæfingatæki, jóga, golf og aðra skipulagða hreyfingu.

Menning og samvera: Í sumar verður boðið upp á gönguferð um Eyrarbakka og Stokks-eyri. Gangan felur í sér samveru og fróðleik um staðina. Gangan verður tekin upp af myndatökumanni og svo sýnd þeim íbúum að kostnaðarlausu sem ekki teystu sér í gönguna. Öllum íbúum sveitarfélagsins, 65 ára og eldri, verður boðið upp á skipulagðar ferðir þeim að kostnaðarlausu í nágrenni Árborgar skipulagðar af sveitarfélaginu.

Verkefnið endar á málþingi eldri borgara í byrjun september. Markmið málþingsins er að skapa vettvang til þess að efla fræðslu og samveru og styrkja tengslanet eldri borgara.

Sumarleikur fjölskyldunnar í Árborg - finna póstkassann

Sveitarfélagið Árborg í samstarfi við Heilsueflandi samfélag hefur sett á laggirnar nýtt fjölskylduverkefni sumarið 2021. Um er að ræða útgáfu af ratleik þar sem gengið er á ákveðinn stað og kvittað í gestabók sem um leið gefur möguleika á verðlaunum.

Um er að ræða sex staði í sveitarfélaginu þar sem búið er að setja sérstaka póstkassa sem þarf að ganga að og merkja í gestabókina. Staðirnir eru við Sængurkonustein, Hellisskóg, Hallskot og fuglafríðlandið, Ingólfsfjall, Fjaran við Knarrarósvita og Silfurbergið en nánari skýringar má finna hér að neðan.

Markmið verkefnisins er að hvetja fjölskyldur til útivistar í fallegu náttúrunni okkar, kynnist nærumhverfi sínu betur, uppgötva staði sem sveitar-

félagið hefur upp á að bjóða, skapa samverutíma saman og eignast skemmtilegar minningar.

Verkefnið er sett upp af Díönu Gestsdóttur, lýðheilsu- fulltrúa hjá Sveitarfélaginu Árborg en hún starfar að verkefnum tengdum heilsueflandi samfélagi fyrir alla aldurshópa í sveitarfélaginu.

Fjöldi fyrirtækja á svæðinu hefur gefið útdráttarverðlaun fyrir þá sem ná að merkja við fjóra staði eða fleiri í sumar en verkefnið verður í gangi fram til loka ágúst. Fyrirtækin sem taka þátt og er þeim þakkað kærlega fyrir að taka þátt í þessu jákvæða verkefni er Lindex Selfossi, Stúdíó Sport, Ísbúð Huppu, Kayak ferðir Stokks-eyri, ÍSEY skyrbar og veitingastauðurinn Vor.

Landshlutateymi Suðurlands heldur áfram til áramóta

Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, hefur undirritað nýjan samning við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins um að samstarf um landshlutateymi Suðurlands haldi áfram til áramóta.

Um er að ræða þróunarverkefni í samræmi við framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017 - 21. Aðilar að samningnum eru Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, fjölskyldusvið Árborgar, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafells- sýslu og Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.

Landshlutateymið byggir á þverfaglegu samstarfi fulltrúa félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu frá hverju svæði sem mynda samstarfsteymi. Kristín Björk Jóhannsdóttir er verkefnastjóri í landshlutateyminu og þverfaglegur ráðgjafi á fjölskyldusviði Árborgar og öðrum skóla- og velferðarþjónustum á Suðurlandi. Þá er Sigríður O. Guðjónsdóttir verkefnastjóri fyrir hönd Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins í landshlutateymi Suðurlands. Hlutverk og markmið landshlutateymis er að auka þekkingu á svæðinu og stuðla að heildstæðri þjónustu við fótluð börn og fjöl-



skyldur þeirra í heimabyggð. Einnig að styðja við samvinnu og samráð á milli Greiningar- og ráðgjafarstöðvar og þjónustuaðila í heimabyggð við greiningarferli, eftirfylgd, um íhlutunarleiðir, ráðgjöf og skipulag fræðslu til að stuðla að sérhæfðri þekkingaruppbyggingu.



Hreyfing og eldra fólk

Regluleg hreyfing hægir á áhrifum og einkennum öldrunar, veitir andlegan og líkamlegan styrk að til að takast á við dalgeg verkefni og hjálpar fólki að viðhalda getunni til að vera sjálfbjarga í daglegu lífi.

Mikl vægt er eldra fólk tak-

marki kyrrsetu og hreyfi sig í samræmi við ráðleggingar um hreyfingu. Meginráðleggingin er að eldra fólk stundi miðlungsferða eða erfiða hreyfingu í minnst 30 mínútur daglega. Heildartímanum má skipta í nokkur styttri tímabil yfir daginn, t.d. 10-15 mínútur í senn.

Fjölbreyttir viðburðir

Eins og flestir hafa tekið eftir er búið að aflétta öllum samkomutakmörkunum innanlands og hefur það haft jákvæð áhrif á allt viðburðahald í sveitarfélaginu. Enn á ný getum við boðið uppá fjölbreytta viðburðir fyrir alla aldurshópa og

viljum við hvetja íbúa og gesti til að fylgjast með viðburðadagatali sveitarfélagsins, á vefsíðu okkar, www.arborg.is. Þar er hægt að nálgast upplýsingar um komandi viðburði, sýningar, tónleika og fleira í Sveitarfélaginu Árborg.



Íþróttir

Selfoss í Evrópubíkarinn

HANDBOLTI Meistaraflokkur karla verður með í Evrópubíkarnum á komandi keppnistímabili en liðið fékk keppnisrétt í keppninni með því að verða í fjórða sæti í Ólísdeildinni í vetur. Nokkur breyting verður á Evrópukeppnum hjá Evrópska handknattleikssambandinu og er Evrópubíkarinn í raun arftaki Áskorendabíkarar Evrópu. Einnig verður svokölluð Evrópudeild sem er arftaki EHF-keppninnar, ásamt Meistaradeild Evrópu.

Selfoss hefur töluverða reynslu af þátttöku í Evrópukeppnum en liðið tók þátt bæði árið 2018 og 2019 og var árangur liðsins árið 2018 eftirtektarverður, en liðið var hársbreidd frá því að komast í riðlakeppni



Lið Selfoss eftir frækinn sigur gegn Ribnica í Evrópukeppninni 2018. Ljósmynd: Umf. Selfoss

EHF-bíkararsins. Sú þátttaka skilaði mikilli reynslu sem meðal annars nýttist hópnunum í baráttunni við að landa Íslandsmeistararitlinum árið 2019. Verkefnið er stórt og krefjandi og er góð

samstaða stuðningsmanna og samfélagsins mikilvægur. Auk Selfoss fá Haukar og FH sæti í Evrópubíkarnum og Valsmenn fá sæti í Evrópudeildinni. -Umf. Selfoss/esó



Gary Martin skoraði á sínum gamla heimavelli í Eyjum. Ljósmynd: Fótbolti.net/Haflíði Breiðfjörð

Markaregn í Eyjum

KNATTSPYRNA Selfoss lá fyrir ÍBV í Lengjudeildinni í miklum markaleik í Eyjum á fimmtudag. ÍBV vann þar með sinn fjórða leik í röð.

Heimamenn byrjuðu með látum því Sito skoraði aðeins eftir þriggja mínútna leik. Gary Martin jafnaði með marki beint úr aukaspyrnu á 12. mínútu en Sito, sem hefur verið í miklu stuði í sumar, skoraði aftur fyrir ÍBV sem leiddi 2-1 í leikhléi.

Selfyssingar byrjuðu seinni hálfleikinn vel og jafnaði Aron Einarsson með stórkostlegu marki eftir skot fyrir utan teig. Boltinn flaug upp í samskeytin; þvílíkt skot hjá þessum efnilega leikmanni. Það var hins vegar Guðjón Pétur Lýðsson sem skoraði sigurmark heimamanna á 72. mínútu.

Lokatölur 3-2 fyrir ÍBV sem er í öðru sæti deildarinnar með 19 stig en Selfoss situr áfram í tíunda sæti með átta stig. Næsti leikur liðsins var á mánudagskvöld gegn Þór frá Akureyri en liðið sækir Fjölni heim í Grafarvoginn föstudaginn 9. júlí kl. 19:15. -Umf. Selfoss

Erfiðar vikur hjá stelpunum

KNATTSPYRNA Seinustu vikur hafa verið erfiðar hjá kvennaliði Selfoss en á fimm dögum missti liðið toppsæti Pepsi Max-deildarinnar og féll út úr Mjólkurbíkarnum, í seinustu viku varð liðið svo að sætta sig við markalaust jafntefli á útivelli gegn botnliði Tindastóls á Sauðárkróki.

Liðið varð að sjá á eftir toppsæti úrvalsdeildarinnar til Íslandsmeistara Breiðabliks þegar liðin mættust á Selfossvelli. Gestirnir unnu öruggan sigur 0-4. Selfoss hefur setið í toppsæti deildarinnar í allt sumar en með sigrinum hirtu Blikar það ef heimakonum.

Það verður ekki af því að Selfyssingar verji bikarmeistaratitil sinn því því liðið laut í gras gegn Þrótti í fjórð-

ungsúrslitum á föstudag fyrir viku. Selfyssingar voru yfir í hálfleik eftir mark frá Brenna Lovera á 13. mínútu. Gestirnir sneru taflinu hins vegar við í seinni hálfleik og skoruðu fjögur mörk. Lokatölur 1-4 og bikardraumurinn úti að sinni.

Þrátt fyrir margar álitlegar sóknir náðu Selfyssingar ekki að koma boltanum í markið á Sauðárkróki og urðu að sætta sig við að taka eitt stig heim. Liðið situr enn sem fyrr í þriðja sæti deildarinnar með 14 stig, þremur stigum frá toppliði Vals.

Liðið tók í gær á móti Keflavík en næsti leikur liðsins er föstudaginn 20. júlí þegar liðið tekur á móti Þór/KA á JÁVERK-vellinum klukkan 18:00. -Umf. Selfoss

Íslandsmeistaramótið á Akranesi

MÓTOKROSS Fyrir rúmri viku fór fyrsta umferð Íslandsmeistaramótsins í mótókrossi fram á Akranesi. Keppendur frá Selfossi kepptu á mótinu og náðu tveir þeirra á verðlaunapall.

Alexander Adam Kuc keppti í tveimur flokkum, unglingaflokk og MX2, hann bar sigur úr bitum í unglingaflokknum og lenti í öðru sæti í MX2, frábær árangur hjá honum. Eric Máni Guðmundsson keppti líka unglingaflokki þar sem hann lenti í þriðja sæti.

Við óskum þeim til hamingju með þennan flotta árangur. Önnur umferð Íslandsmeistaramótsins fer fram á



Verðlaunahafar í unglingaflokki, Alexander fyrir miðju og Eric Máni t.v. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Akureyri laugardaginn 10. júlí næstkomandi. -Umf. Selfoss/rb



Hólmafríður Arna aftur á Selfoss

HANDBOLTI Hólmafríður Arna Steinsdóttir hefur samið við handknattleiksdeild Selfoss til tveggja ára. Hólmafríður, sem er aðeins 17 ára, er leikstjórnandi og spilaði með Selfoss tímabilið 2019-20. Hún er uppalin á Selfossi og í Eyjum og spilaði með ÍBV á síðasta tímabili. Þá hefur hún verið fastamaður í yngri landsliðum Íslands. Við bjóðum

Hólmafríði hjartanlega velkomna til baka og verður spennandi að fylgjast með meistaraflokki kvenna á komandi tímabili, undir stjórn Svavars Vignissonar. -UMFS/esó



Kristrún komin heim

KNATTSPYRNA Knattspyrnukonan Kristrún Rut Antonsdóttir mun ganga til liðs við Selfoss þegar félagaskiptaglugginn opnar á nýjan leik í lok júní.

Kristrún, sem er 26 ára miðjumaður, lék síðast á Selfossi sumarið 2018 en hún hefur komið víða við í Evrópu á síðustu árum, leikið með Chieti og AS Roma á Ítalíu, Avaldsnes í Noregi, BSF í Danmörku, Mallbackens í Svíþjóð og nú síðast með St. Pölten í Austurríki en hún varð austurrískur meistari með liðinu í vor. Hún hefur leikið 117 meistaraflokksleiki fyrir Selfoss, þar af 55 í efstu deild.

„Það er frábært að fá Kristrúnu í okkar hóp. Við þekkjum hana vel og hún er leikmaður að mínu skapi. Hún getur leyst margar stöður, er ósérhlífín og vill vinna mikið og æfa mikið. Hún kemur með gæði og reynslu inn í hópinn og svo er hún með stórt Selfoss-hjarta, þannig að það er mikil tilhlökkun að fá hana heim,“ segir Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari kvennaliðs Selfoss. -Umf. Selfoss/gks



Um liðna helgi fóru fram lokaæfingar hjá þeim iðkendum sem höfðu verið valdir í lokahópa U15 ára, fædd 2006, landsliða Íslands í körfuknattleik. Spilaðir voru æfingaleikir milli liðanna á Flúðum og gistu bæði karla- og kvennaliðin þar. Það er virkilega gaman fyrir okkur Sunnlendinga að segja frá því að fjögur félög af Suðurlandinu áttu fulltrúa í þessum hópum og komu þau frá þremur félögum.

Anna Katrín Víðisdóttir (Hrunamenn), Þóra Auðunsdóttir (Þór Þorlákshöfn), Birkir Hrafn Eyþórsson (Selfoss), Birkir Máni Daðason (Hamar), Gísli Steinn Hjaltason (Selfoss), Lúkas Aron Stefánsson (Hamar), Sigurður Darri Magnússon (Selfoss) og Tristan Máni Morthens (Hrunamenn).

Virkilega efnilegir krakkar þarna á ferðinni og verður gaman að fylgjast með þeim á komandi árum.

KIA GULL HRINGURINN UPPLÝSINGAR

FYRIR ÍBÚA Í SVEITARFÉLAGINU ÁRBORG OG ÍBÚA Í FLÓAHREPP

KIA Gullhringurinn, stærsta og skemmtilegasta hjóltreiddamót landsins, hefur flutt sig í Árborg og verður haldið laugardaginn 10. júlí. Keppnin hefst kl. 18.00 og stendur fram eftir kvöldi.

Hverju má ég eiga von á ef ég bý á Selfossi?

Ræst er á Eyravegi milli Hótel Selfoss og nýja miðbæjarins. Truflanir verða því á umferð við Ölfusárbrú og á Austurvegi rétt á meðan ræsingu stendur.

Ræst verður í eftirtöldum hópum:

18:00 Áringjar 12 km	Keppnisflokkur 12 til 16 ára.
18:10 Votmúlahringurinn 12km	Fjölskylduhringur þar sem allir hjóla saman.
18:30 Gaulverjar 43km	Keppnisflokkur hugsaður fyrir nýja keppendur í sportinu.
18:45 Flóaaðveitan 43km	Hér er áhersla á „njóta en ekki þjóta“.
19:05 Villingar 60km / Flóabardagi 90km	Keppnisflokkar fyrir öfluga keppendur.

Eftir ræsingu munu keppendur hjóla eftir Austurvegi að hringtorgi við Gaulverjabæjarveg, í fylgd lögreglu. Eftir hringtorgið byrjar hin eiginlega keppni. Nokkrir hópar fara niður Gaulverjabæjarveg í átt að Stokkseyri meðan hóparnir sem byrja kl. 19:05 fara eftir Þjóðvegi 1 að Villingaholtsvegi og hjóla þar niður í átt að Stokkseyri. Allir keppendur hjóla síðan inn á Selfoss eftir Eyrarbakkegi, inn á Eyraveg og inn í nýjan miðbæ. Á meðan keppendur hjóla inn á Selfoss má búast við lokunum og töfum á umferð við Eyraveg. Þessar tafir verða á tímanum 18:30 til 22:00.

Hvar geta Selfossbúar fylgst með og hvatt keppendur áfram?

Íbúar á Selfossi og nágrenni geta komið saman á Brúartorginu sem er í hjarta nýja miðbæjarins. Þar munu Daddi Disco og Herra hnetusmjör halda uppi fjörinu og BMX Brothers leika listir sínar. Eins verður þar 15 fermetra risaskjár þar sem keppnin verður í beinni útsendingu, en hún verður jafnframt í beinni útsendingu á Mbl.is. Að keppninni lokinni verður verðlaunaafhending á Brúartorginu og eftirparty verður í salnum í Tryggvaskála með tónlistarfólki og plötusnúðum.

Hverju má ég eiga von á ef ég bý á Stokkseyri?

Truflanir verða á umferð um Stokkseyri á meðan keppendur hjóla í gegnum þorpið. Það sama gildir um vegi til og frá Stokkseyri. Tafir og lokanir verða á tímabilinu 19:00 til 22:00 og umferð stýrt til að tryggja öryggi keppenda og annarra vegfarenda.

Hvar geta Stokkseyringar fylgst með og hvatt keppendur áfram?

Grillparty og hvatningarstöð verður við Barnaskólann á Stokkseyri þar sem DJ. Dagur Snær og Þórir Geir Guðmundsson halda uppi fjörinu. Áhorfendum er boðið upp á drykki frá Coca-Cola, Snickers og grillaðar pylsur frá SS og Holta kjúklingi. Hvatningar bjöllur og fánar og læti! Gleðin mun standa yfir frá ca. 19:00 til 21:00. **ALLIR VELKOMNIR!**

Hverju má ég eiga von á ef ég bý á Eyrabakka?

Truflanir verða á umferð um Eyrabakka meðan keppendur hjóla í gegnum þorpið. Það sama gildir um Eyrarbakkegi. Tafir og lokanir verða á tímabilinu 19:00 til 22:00 og umferð stýrt til að tryggja öryggi keppenda og annarra vegfarenda.

Hvar geta Eyrbekkingar fylgst með og hvatt keppendur áfram?

Byggðasafn Árnesinga, Leikfélag Selfoss og Fornbílaklúbburinn ætla að bregða á leik við Byggðasafnið og setja upp Aldamóta hvatningarstöð að hætti Eyrbekkinga. Allir þátttakendur verða myndaðir þegar þeir hjóla í gegn um „aldamótahliðið“ og Kvenfélag Eyrabakka og mótstjórn munu bjóða áhorfendum upp á aldamótakaffi: pönnukök, flatkök og kakó. Gleðin mun standa yfir frá ca. 19:00 til 21:00. **ALLIR VELKOMNIR!**

Hverju má ég eiga von á ef ég bý í gamla Sandvíkurhreppi?

Keppendur hjóla um Gaulverjabæjarveg frá Selfossi í átt að Stokkseyri á tímanum 18:00 til 21:00. Keppendur munu hjóla um Villingaholtsveg frá Þjóðvegi 1 í átt að Stokkseyri á tímabilinu 19:00 til 20:00. Keppendum verður fylgt með vel merktum bílum og búast má við lokunum og töfum á umferð á þessum tíma.

Hverju má ég eiga von á ef ég bý í Flóahreppi?

Truflanir verða á umferð um Villingaholtsveg milli 19:00 og 20:00 en á milli 18:30 og til 21:30 á Gaulverjabæjarvegi og Votmúla. Umferð stýrt til að tryggja öryggi keppenda og annarra vegfarenda.

Hvar geta Flóamenn fylgst með og hvatt keppendur áfram?

Íbúar í Flóahreppi geta tekið þátt í keppninni um skemmtilegustu Brúapallaleiðina! Íbúar eru hvattir til að útbúa skemmtilegar hvatningarstöðvar með hverskonar skreytingum, hvatningarhljóðum og gleði við keppnisbrautirnar. Hægt er að sjá myndir í færslum á Facebook síðu keppninnar til að fá innblástur fyrir Brúapallahvatningarstöðvar. Sveitabærir eða sumarbústaðir geta skráð sig til leiks á info@vikingamot.is og fá í framhaldi senda pakka í partyið frá mótstjórninni á föstudagskvöldið. Frjáls aðferð verður í þessari keppni en leiðarvísir dómara verður leikgleði og jákvæðni. Í fyrstu verðlaun verður gasgrill að verðmæti 150.000 kr. frá BYKO.

SAMVINNU VERKEFNI MÓTSTJÓRNAR FJÖLDA FÉLAGASAMTAKA Á ÖLLU KEPPNISSVÆÐINU

Meðlimir ýmissa félagasamtaka munu standa vaktina á þeim stöðum þar sem stýra þarf umferð og loka vegum. Þetta er liður í fjáröflun þessara samtaka og biðjum við um að þeim verði sýnd virðing og tillitssemi. Vinnum þetta saman.

Hægt verður að horfa á keppnina og framgang hennar á heimasíðunni www.kiagullhringurinn.is og á Mbl.is.



Sveitarfélagið
ÁRBORG



Söfnin á Eyrarbakka



Hvernig væri að leggja leið sína á Eyrarbakka og heimsækja söfnin?

Húsið er heillandi og sögufrægt kaupmannsheimili þar sem sögð er meira en 200 ára gömul saga verslunar og menningar. **Sjóminjasafnið** hýsir hið merka árskip Farsæl og undraveröld fugla og eggja er í **Eggjaskúr**. Í litla alþýðuhúsinu **Kirkjubæ** er sýning um byltingartímana þegar rafljós kom í hús og fólk eignaðist útvarp og gúmmístígvél.



Ratleikur um allt safnasvæðið er í boði fyrir alla fjölskylduna.



Opið alla daga í sumar frá kl. 11-18.
sími 483 1504 • info@byggdasafn.is
www byggdasafn.is

**BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA**

Framtíðin er að banka, í banka

**Tómas Ellert
Tómasson**

bæjarfulltrúi
M-listans í
Svf. Árborg



Í síðustu viku gerðu Sv. Árborg, ríkið og samtök atvinnulífsins samkomulag við Sigtún þróunarfélög um rekstur vinnustofu í Landsbankahúsinu á Selfossi, einu glæsilegasta húsi landsins. Markmið samkomulagsins er: „...að styðja við og þróa áfram hugmyndafræðina bak við verkefni stjórnvalda, Störf án staðsetningar, sem gengur út á að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki ráðuneyta og ríkisstofnana á höfuðborgarsvæðinu. Þá er verkefninu ætlað að draga úr ferðapörf og styðja við aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Vegna mikils fjölda ríkisstarfsfólks sem lögheimili eiga í Sveitarfé-

laginu Árborg og nærliggjandi sveitarfélögum og starfa hjá ríkisstofnunum með aðsetur á höfuðborgarsvæðinu eru væntingar um að tilraunaverkefnið geti skapað mikilvæga reynslu sem byggja má á til lengri tíma lítið. Markmið Sv. Árborgar með þátttöku í verkefninu er að gera sveitarfélagið að betri búsetukosti, auka atvinnutækifæri og nýsköpun, byggja upp þekkingarklasa og auka hagnýtingu í þróun skrifstofurýma fyrir starfsfólk sveitarfélagsins, ásamt því að styðja við viðleitni stjórnvalda og atvinnulífs til þessarar uppbyggingar.“ Hér er því um að ræða afar mikilvægt byggðamál sem fellur eins og flís við rass að gildandi byggðáætlun.

Bankinn vinnustofa

Til þess að gera fjarvinnuna skemmtilega og koma í veg fyrir einmanaleika starfsmanna, þarf

að koma upp fjarvinnustöðvum þar sem fleiri fjarvinnustarfsmenn geta unnið saman og deilt kaffistofu og vinnuaðstöðu. Bankinn vinnustofa mun mæta þeim þörfum að fullu og vel betur en það. Ég er einnig sannfærður um að verkefnið muni koma til með að auka aðdráttarafl Selfoss og Sv. Árborgar sem búsetukost fyrir fólk sem sækist eftir nútímalegu vinnuumhverfi og skapandi félagskap. Hér er því um að ræða tækifæri til að skapa á Selfossi vinnusamfélag sem mun gefa sveitarfélaginu tækifæri til að taka forystu á landsvísu í nútíma atvinnuuppbyggingu.

Mig langar til að þakka Sigtúni þróunarfélagi, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Samtökum atvinnulífsins fyrir framsýnina að taka þátt í og koma þessu stórkostlega verkefni á koppinn ásamt með Sv. Árborg.

Margrét Valgerður Helgadóttir ráðin ráðhússtjóri Stafræns Suðurlands

Margrét Valgerður Helgadóttir, sérfræðingur í upplýsingatækni, hefur verið ráðin verkefnastjóri Stafræns Suðurlands sem ætlað er að móta stafrænt ráðhús og þjónustuver fyrir Sveitarfélagið Suðurland og ná þannig fram hagræðingu í rekstri, auknu öryggi í vinnslu gagna og meiri sérhæfingu í störfum.

Bætir þjónustu í viðfeðmu samfélagi

Sveitarfélagin fimm sem saman starfa að Sveitarfélaginu Suðurlandi, sem þrátt fyrir nafnið eru ekki eitt sveitarfélag en í sameiningarviðræðum, eru Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur. Saman mynda þau rúmlega 5200 manna samfélag og ná yfir 16% af flatarmáli Íslands og því til mikils að vinna fyrir íbúa og stjórnsýslu að auðvelda samskipti og sjálfsafgreiðslu á svæðinu.

Covid opnaði augu fólks fyrir nýjum lausnum

Margrét hefur starfað við upplýsingatækni í um 20 ár eða frá því hún hóf framhaldsnám í upplýsingasamskiptum frá Háskólanum í Hróarskeldu. Á þessum tíma hefur hún unnið að greiningu, hönnun og uppsetningu vefsvæða, að upplýsingaöryggi og verkefnastjórnun upplýsingatækniverkefna. Margrét er einnig með IPMA vottun á C-stigi í verkefnastjórnun og hefur auk þess lokið námi í markþjálfun. Margrét segir að það ástand sem Covid skapaði hafi opnað augu margra fyrir nýjum leiðum í vinnu og skilað samfélaginu nýjum lausnum. Það sé ekki síst mikilvægt fyrir fólk á strjálbýlli svæðum og geti bæt þjónustu og atvinnutækifæri til muna.

Snýst um að einfalda og styttu boðleiðir

Margrét segir verkefnið Stafrænt Suðurland sérlega spennandi verkefni. Það gefi



mikla möguleika að bæta samvinnu og samræmingu á þjónustu fyrir íbúa og fyrirtæki á jafn stóru svæði. Hún segir heldur ekki mega gleyma því að koma þurfi til móts við þarfir yngri sem geri allt aðrar kröfur en þær sem eldri eru en um leið kynna þær eldri fyrir þeim tækifærum sem felast í nýrri tækni.

„Þegar öllu er á botninn hvolft, snýst þessi stafræna vegferð alltaf um að einfalda hlutina, styttu boðleiðir og bæta þjónustu,“ segir Margrét.

Ingunn ráðin framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands

Stjórn Háskólafélags Suðurlands ákvað á fundi sínum nýverið að ráða Ingunni Jónsdóttur sem framkvæmdastjóra félagsins en auglýst var eftir umsóknum í starfið í maí sl. Sigurður Sigursveinsson, sem gegnt hefur starfinu sl. 12 ár, lætur af störfum vegna aldurs.

Ingunn er menntaður vörðhönnuður frá Listaháskóla Íslands sem og með MPM gráðu í verkefnastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík. Árið 2013 var Ingunn ráðin sem sameiginlegur verkefnastjóri Háskólafélags

Suðurlands og Matís en árið 2016 færði hún sig alfarið yfir til Háskólafélagsins. Ingunn hefur einnig sinnt verkefnastjórnun og ráðgjöf fyrir Sóknaráætlun Suðurlands á vegum SASS ásamt því að stýra og taka þátt í fjölda erlendra samstarfsverkefna.

Stjórn félagsins færir Sigurði miklar og góðar þakkir fyrir frábær störf í þágu félagsins á mótunarárum þess. Jafnframt býður stjórnin Ingunni hjartanlega velkomna til starfa en Ingunn hefur starfað hjá félaginu um árabíl við góðan orðstír. Ingunn hefur störf



sem framkvæmdastjóri í ágúst nk.

Ferðanefnd FEBSEL býður upp á

Njálufarð 20. júlí 2021

Lagt af stað kl. 10:00 frá Grænumörk og ekið sem leið liggur að N1 á Hvolsvelli þar sem leiðsögumaður ferðarinnar, Lárus Bragason, kemur til okkar í bílinn. Leiðin liggur síðan upp að Velli í Hvolhreppi, þar sem Njálssaga hefst, þaðan liggur leiðin í Fljótshlíðina að Hlíðarenda og að Hótel Fljótshlíð, þar sem við snæðum hádegisverð um kl. 12:00. Eftir mat er haldið inni Fljótshlíð fram hjá Stóra Dímon, stoppað við víg Þráins - staldrað við í Gunnarshólma, hólmanum þar sem Gunnar sneri aftur, þaðan er ekið að Bergþórshvoli, og við endum Njálufarðina á Hvolsvelli þar sem við kveðjum leiðsögumann og höldum heim.

Verð ferðar pr. mann kr. 8.000.

Aðeins ein rúta verður í ferðinni og þar af leiðandi takmarkast fjöldi farþega. Fyrstir koma, fyrstir fá.

Nefndin bendir á, að hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð.

Bókanir í ferðina eru hjá nefndinni og í Grænumörk 5 fyrir 13. júlí.

Sirry - s. 863 7133 - sirry.gudmunds@gmail.com

Helga - s. 860 7032 - helgiherm@gmail.com

Ingibjörg - s. 864 2972 - ingibjostef@gmail.com

Hugsað sér til skilnings: Kennsluaðferðin hugsandi skólastofa

Við unglingastig Grunnskólans í Þorlákshöfn störfum við tveir stærðfræðikennarar, Ragnar Örn Bragason og Ingvar Jónsson. Fyrir um tveimur árum sátum við fyrirlestur um kennsluaðferð sem okkur fannst áhugaverð. Við höfðum verið með svipaðar hugmyndir í kollinum en vorum komnir stutt á leið með að innleiða þær í kennslu. Kennsluaðferðin heitir *Hugsandi skólastofa* og á rætur sínar að rekja til kanadísks kennara að nafni Peter Liljedahl.

Hugsandi skólastofa gengur út á samvinnu nemenda við að leysa stærðfræðileg vandamál. Þessi vandamál kalla á að nemendur séu lausnamiðaðir og skapandi og krefjast þess vegna meira af nemendum heldur en hin hefðbundna aðferðafræði. Oftast vinna hóparnir saman standandi við tússtöflu eða

glugga vopnaðir einum túss og tusku. Rannsóknir Liljedahl sýna að ef nemendur standa við vinnu sína eykur það virkni þeirra og hugsun við vinnuna og túss og tuska draga úr hræðslu nemenda við það að skrifa niður hugmyndir sínar þar sem það sem þau skrifa eða teikna er ekki eins endanlegt. Það ýtir undir að nemendur geri mistök, stroki út og endurhugsi vandamálið. Að auki eflir hugsandi skólastofa tjáningu nemenda þar sem þau útskýra hugsanir sínar fyrir samnemendum og kennara þar sem kennari styður vinnu þeirra með spurningum hvort sem þær eru til þess að koma nemendum úr föstu spori eða til þess að dýpka skilning þeirra.

Nemendur unglingastigs hafa í vetur unnið mikið í hugsandi skólastofu í stærðfræðitímum. Við stærðfræðikennararnir

ákváðum að þróa kennslu okkar og taka upp þessa kennsluaðferð þar sem hún hefur marga kosti í för með sér og gefur tækifæri á að efla mismunandi hæfni hjá nemendum hvort sem það tengist hæfniviðmiðum aðalnámskráar eða lykilhæfni skólans. Vinnan hófst fyrir 2 árum síðan og hefur sú vinna gengið vel þrátt fyrir ákveðna hnökra í upphafi þar sem nemendum reyndist erfitt að aðlagast breytingum og læra að læra á nýjan hátt.

Miklar framfarir hafa sést hjá nemendum í hugsandi skólastofu sem og í hugarfari þar sem samhliða kennsluaðferðinni höfum við unnið með vaxtarhugarfar (growth mindset). Í vetur höfum við séð miklar framfarir hjá þeim nemendum sem hvað lengst hafa unnið í hugsandi skólastofu. Öryggi þeirra í að setja fram vinnu sína á



tússtöfluna og rökræða við samnemendur hefur aukist mikið og gaman er að sjá hversu djúpt þau geta kafað í flókin verkefni á sínum eigin forsendum. Því

teljum við að þessi kennsluaðferð muni gefa nemendum mörg mismunandi verkfæri í það sem þau munu taka sér fyrir hendur eftir útskrift.

Ást á landbúnaði

Við sem elskum landbúnað viljum öll sjá það sama:

- Bætta afkomu bænda
- Bætt rekstrarumhverfi landbúnaðar
- Fleiri tækifæri til matvælaframleiðslu
- Aukna nýsköpun í landbúnaði
- Betri nýtingu hliðarafurða
- Aukna fagmennsku til að byggja upp jákvæða mynd

Axel Sigurðsson

Búfræðingur, matvælafræðingur og í 5. sæti Viðreisnar í Suðurkjördæmi.



Samþykkti án þess að hika. Með þessari aðgerð sýndu þau í verki hve mikilvægt það er Viðreisn að það sé öflug byggð og landbúnaður í landinu.

Það er brýn þörf á breytingum í landbúnaði. Lægsta afurðastöðvaverð í Evrópu til bænda og strangar takmarkanir á framleiðslu smáframleiðenda til neytenda þurfa ekki að vera komin til að vera. Það þarf kjark til að breyta þessu og þor til að rugga bátum en báðir þessir eiginleikar eru Viðreisn eðlislægir.

Núverandi kerfi hefur og er að skila íslenskum bændum hagræðingu, á formi færri bænda. Afkoma bænda er aftur á móti ekki að batna. Það þarf að staldra við þá stöðu og skoða hvað er að klinka í kerfinu eins og það er byggt upp núna.

Viðreisn talar fyrir virkri samkeppni á markaði bændum og neytendum til hagsbóta. Við viljum gefa bændum frelsi og tækifæri til fjölbreyttrar framleiðslu því við vitum hver gæði íslenskrar framleiðslu eru og hve mikil aðlögunarhæfni bænda er. Ein leið til þess er að draga úr framleiðslutengdri niðurgreiðslu og beina henni frekar yfir í jarðræktarstuðning, tengja við dreifbýlisstuðning og styrkja nýsköpun og vöruþróun í matvælaíðnaði.

Ég býð mig fram fyrir Viðreisn því ég vil sjá sterkari og fjölbreyttari landsbyggð og breytingar í landbúnaði fyrir komandi kynslóðir þar sem almannahagsmunir munu ráða för.

En okkur greinir eins og er um leiðir að settu marki.

Ég hef verið með sterkar skoðanir á samfélagsmálum allt frá því ég var unglingur. Áður en ég gekk til liðs við Viðreisn þá hafði ég áður verið virkur í starfi stjórnmálaflokks sem sagðist vera mikill landbúnaðarflokkur. Eftir að hafa kynnst starfinu þar kom í ljós að það voru fortíðarást og forræðishyggja sem réðu þar för.

Ást er að mínu mati sú tilfinning að vilja sjá hlutina sem maður elskar vaxa og dafna. Hvort sem það snýr að börnunum okkar, okkur persónulega eða að landbúnaðinum, þá viljum við sjá það sama. Vöxt fram á veginn þar sem landbúnaðurinn vex og verður fjölbreyttari með hverju árinu sem líður.

Sýn Viðreisnar heillaði mig frá byrjun og verandi bæði búfræðingur frá LBHÍ og nú matvælafræðingur frá Háskóla Íslands þá leyfi ég mér að fullyrða að framtíðarsýn Viðreisnar stuðlar að öflugum landbúnaði ásamt byggðafestu á landsbyggðinni.

Viðreisn hefur sýnt í verki að flokkurinn er fyrstur til að aðstoða bændur, samanber þegar verð á dillakjöti hrundi árið 2017. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sem þá var landbúnaðarráðherra kom fram með 650 milljóna króna björgunarpakka sem þáverandi fjármálaráðherra, Benedikt Jóhannesson,

VANTAR ÞIG HEYRNARTÆKI?

Nýju **MORE** heyrnartækin eru þjálfuð til að þekkja hljóð. Innbyggt djúptauganet skilar einstaklega nákvæmri hljóðvinnslu og skýrum hljómgæðum.

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á **Selfossi 19. júlí** við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja.



Tímabókanir í síma **568 6880**

Heyrnartækni | 20 ára

Glæsibæ | Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | [Heyrnartækni.is](https://heyrnartækni.is) | 568 6880

ÚTBOD Þjónusta iðnaðarfólks

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í verkið *Þjónusta iðnaðarfólks í Árborg* í samræmi við útboðsgögn.

Um er að rammisamningsútboð þar sem leitað er tilboða í þjónustu iðnaðarfólks sem koma til með að taka að sér einstök verkefni í heild eða að vinna í verkefnum með starfsfólki Árborgar. Útboði er skipt upp í átta mismunandi flokka.

Útboðsgögn verða afhend í útboðskerfinu Ajour þar sem bjóðendur geta sótt gögn frá og með 30. júní 2021. Bjóðendur skrá sig inn á vef og hlaða niður gögnum.

Frestur til að skila inn tilboðum er 16. 08. 2021 kl. 13:00.

<https://arborg.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/42aeb363-0610-4ead-a581-42f02284928d>
Notkunarleiðbeiningar um kerfið má sjá hér: <https://help.ajoursystem.com/astopic/tender/>

Tilboði skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
S. 482 1944
dfs@dfs.is

BÍLAR

KLETTUR
Bírfreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bírfreiða og
almennar bílaviðgerðir.



Hjólástíllingar

Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122

Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bírfreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

Krani
&
tæki

Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa

Öll almenn jarðvegsvinna
og flutningar

Diddi Elli
S. 861 4966 S. 861 6700
fredi@simnet.is

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messað verður í Selfosskirkju
sunnudaginn 11. júlí kl. 11. Sr.
Axel Njarðvík þjónar fyrir altari
og prédikar. Ester Ólafsdóttir
leikur á orgelið og kirkjukór
Selfosskirkju syngur. Verið öll
hjartanlega velkomin.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyrangei 67, Selfossi, 10. júlí.
Bíbliulexíur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12. Verið velkomin.

TAPAD/FUNDIÐ



Silfurhálsmen
Silfurhálsmen með perlu fannst
við Engjaveg 8 - 12 þann 1. júlí
sl. Eigandinn getur vitjað þess í
afgreiðslu Prentmets Odda á
Eyrangei 25 á Selfossi.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

Guðríður Gyða Halldórsdóttir í Galleríinu Undir stiganum

Næstkomandi fimmtudag,
þann 8. júlí, opnar ný
myndlistarsýning í Galleríinu
Undir stiganum í Bæjarbóka-
safni Ölfuss. Þetta er fyrsta opn-
unin þar síðan Covid-19 skall á
íslenskt samfélag fyrir rúmu ári.
Að þessu sinni er það Guð-
ríður Gyða sem sýnir myndlist
sína en hún hefur sérstakt dæ-
læti á að mála gömul hús, báta
og nornir. Gyða, eins og hún

er jafnan kölluð, lærði í Mynd-
listarskóla Kópavogs og hefur
einnig farið á fjölmörg nám-
skeið eftir það.

Sýningin opnar kl. 17:00 og
stendur út mánuðinn.

Bæjarbókasafnið býður upp á
kaffi og konfekt.

Árný Leifsdóttir,
forstöðukona
Bæjarbókasafns Ölfuss.

Framkvæmdir í Laugaskarði á lokametrinum

Bæjarráð Hveragerðisbæjar
bheimsótti nýverið Sundlaug-
ina Laugaskarði en þar eru fram-
kvæmdir nú á lokametrinum
við endurnýjun búningsklefa.
Hvert sem lítið er í húsinu eru
iðnaðarmenn að störfum og ljóst
að þessu flókna verki er að ljúka.
Flísalögn er lokið í búnings-
klefum en unnið er að flísalögn
í tveimur fjölnotaklefum sem
teknir verða í notkun um leið

og sundlaugin opnar á ný. Verið
er að vinna að tengingu loft-
ræstingar og frágangi í kringum
göngubrú sem var endurbyggð
að öllu leyti. Á næstu dögum
verður ráðist í lóðafrágang við
inngang sem og fyrir framan
nýjan sjúkraklefa sem settur
hefur verið upp í vesturenda
hússins. Þar undir skjólgóðum
sunnanveggnum mun þá um leið
myndast nýtt og stærra sólbaðs-

svæði en eins og allir vita sem
sótt hafa sundlaugin Lauga-
skarði heim á góðviðriðsdegi
þá myndast þar gjarnan suðræn
stemning með sól og hita. Opnun
sundlaugarinnar hefur dregist
vegna aukaverka en nú er gert
ráð fyrir að sundlaugin muni
opna á ný þann 11. júlí nk.

Meðfylgjandi myndir voru
teknar á svæðinu og sýna vel
stöðu framkvæmda.



Bæjarfulltrúarnir Bryndís Eir, Jóhanna Ýr og Njörður ásamt Aldísi, bæjarstjóra og Ólafi Óskarssyni aðalverktaka við framkvæmdina. Myndir: Hveragerðisbær.



Sjö kandidatar fögnuðu námslokum á háskólahátíð

Háskólafélag Suðurlands hefur það fyrir sið að blása til háskólahátíðar síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og samfagnar þá með þeim sem eru að ljúka háskólaprófi og hafa notið þjónustu félagsins, ýmist varðandi prófþjónustu og/eða lesaðstöðu. Að þessu sinni mættu sjö kandidatar í Fjölheima og fögnuðu námslokum með fjölskyldum sínum og starfsfólki félagsins. Í snjöllum ávörpum tveggja brottfaraenda við athöfnina var varpað skemmtilegu ljósi á mikilvægi þjónustu félagsins.

Í ávarpi Sigrúnu Ernu Kristinsdóttur kom m.a. þetta fram:

Ég er að brautskrifast með BS-gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands, nám sem er alfarið kennt í staðnámi. Því fylgir að kennslan er ekki aðgengileg hvar sem er á landinu og nemendur bera sjálfir ábyrgð á mætingu og ástundun, hvort sem það eru fyrirlestrar eða lokapróf og sérstakt leyfi þarf til að breyta því. Fyrir okkur hér á Suðurlandinu sem erum í slíku námi fylgir því oft aukinn akstur og meira álag. Það verður minni

tími til að læra heima og tíma-stjórnun breytist í nýtt dhugamál.

Að gefnu tilefni vil ég hrósa Fjölheimum og starfsfólkinu fyrir þá góðu þjónustu sem hér er veitt. Hún er mikilvægur liður í að efla jöfn tækifæri til náms. Að geta tekið lokapróf í heimabyggð er eitt af þeim stóru skrefum sem hér hafa verið tekin, og fyrir það vil ég þakka. Vonskuveður skall á í desember 2019 einmitt þegar ég þurfti að taka lokapróf og mig langar að minnast aðeins á þá reynslu. Fjölheimar eru til húsa í gamla grunnskólanum mínum, og ég verð að viðurkenna að það var sérkennileg upplifun að ganga hér inn í þeim tilgangi að þreyta lokapróf frá Háskóla Íslands. Í móttökunni varð ljóst að einhver mistök höfðu orðið og ég var send upp á skrifstofu. Á móti mér tók Sigurður, sem var skóla-meistarinn minn í Fjölbrautaskólanum. Svo óheppilega vildi til að prófskráningin frá prófstjóra Háskólans hafði ekki skilað sér, með öðrum orðum prófið mitt var týnt! Á þessum tímamarki var mér allri lokið og

prófkvíðinn, sá armi þrjótur, var að ná yfirhöndinni. En Sigurður var pollrólegur, enda þaulvanur skólastjórnandi. Hann bauð mér að setjast fram og slaka á, rétt á meðan hann fyndi út úr þessu. Nú, svo tók ég prófið í gömlu smíðastofunni minni og allt fór vel að lokum, ég fékk meira að segja fyrstu einkunn í því prófi.

Í ávarpi Júlíu Káradóttur kom m.a. fram:

Haustið 2016 byrjaði ég í Háskóla Íslands. Mæti mjög spennit fyrir komandi önn og inni þennan stóra skóla með fullt af öðru fólki sem ég hafði aldrei hitt. Ég rataði ekki um gangana en fékk aðstoð við að komast þangað sem þurfti. Nam staðar fyrir framan eina af kennslustofunum og leit inn; Vá, þetta var eins og stór bíosalur og hann var fullur af fólki. Þetta var yfirþyrmandi fyrir landsbyggðarbarnið mig, átti ég að fara læra með öllu þessu fólki. Tala fyrir framan allt þetta fólk? Fyrsti tíminn kláraðist og ég komst upp með að tala sem minnst, kom heim og skræði mig úr áfanganum. Í þessum áfanga áttum

við að læra framsögn og ég var ekki tilbúin í það fyrir framan svona marga. Ég fann mig ekki í þessum stóra hópi, kynntist ekki samnemendum mínum vel. En ég kláraði þau tvö námskeið sem ég var líka skráð í en ákvað að halda ekki áfram eftir það. Ýtti því til hliðar að mig langaði að læra og fór að huga að öðru.

Eignaðist barn en langaði alltaf að fara í skóla en þorði ekki. Sá svo auglýsingu frá Háskóla Íslands og Háskóla Íslands. Fagháskólanám í leikskólakennarafræðum kennt á Selfossi, ég varð strax hrifin af hugmyndinni að geta aðlagast skólakerfinu á rólegan hátt og í fámennum hópi. Í ágúst 2018 byrjuðum við og eftir fyrsta tíma var eins og við hefðum alltaf þekkt. Starfsmenn Fjölheima þar sem við hittumst, kennarar sem komu að náminu; allt fagmannlegt og frábært fólk sem sýndi skilning í öllum þeim aðstæðum sem upp komu. Unnið var að því að finna lausnir á því að allir ættu aðgengi að náminu á hátt sem hentaði hverjum og einum. En fyrst og fremst var þetta skemmtun, það var gaman

að læra í fyrsta skipti í mörg ár. Við lærðum um grunnþætti náms, lærðum hvernig væri best að læra, afla sér upplýsinga, leita að heimildum, ritun, framsögn. Hefur það hjálpað heilmikið með áframhaldandi nám að vera með grunninn á hreinu. Við hlógum og höfðum gaman í hverju tíma. Kynntumst bæði innan skólans og eins utan skóla. Þegar önninni lauk fórum við í Háskólann og það var mikill munur að fara þangað með samnemendum sem ég þekkti og var búin að vera með heila önn. Þetta var ekki eins yfirþyrmandi því ég vissi að með mér væru þeir sem ég var búin að kynnst. Það hefur hjálpað með það nám sem ég hef lokið og mun án efa halda áfram með mitt nám með mínum frábæru samnemendum frá því árið 2018.

Takk kærlega fyrir mig Háskólafélag Suðurlands, að byrja fagháskólanám í leikskólakennarafræðum hefur hjálpað að láta draum minn rætast, að verða einn daginn það sem mig hefur alltaf langað að verða; leikskólakennari.



Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmstu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límiðar

📍 Eyraveg 25, 800 Selfoss

☎ 482 1944

✉ selfoss@prentmetoddi.is



Síðasta barnið

Síðasta barnið er heiti bókar Guðmundar Brynjólfssonar og sjálfstætt framhald bókana *Eitraða barnið* og *Þögla barnið* sem báðar fengu frábærar viðtökur lesenda og gagnrýnenda.

Veturinn er harður og ofan á basl alþýðunnar bætist morðbrenna á Stokkseyri og skotárás á sýsluskrifstofunni á Eyrarbakka. Sem fyrr fléttast hlutskipti fátækra Sunnlendinga inn í líf sýslumannshjónanna sem þó eiga nóg með sitt.

Studdur af skrifara sínum, Tryggva, þarf Eyjólfur að glíma við höfuðandstæðing sinn, óþokkann Kár Ketilsson sem bruggar sín viðbjóðslegu ráð. Embætti sýslumanns berst óvæntur liðsaki frá Englandi og ekki seinna vænna því nú dregur að leikslukum.

Síðasta barnið er áttunda skáldsaga Guðmundar S. Brynjólfssonar sem auk þess er verðlaunað leikskáld og þekktur pistlaskrifari.

Útgefandi er Bókaútgáfan Sæmundur og er bókin þegar komin í allar helstu bókaúðir.



Á myndinni eru Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltúi Sv. Árborgar, Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi og Vignir Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sigtúns þróunarfélags.

Samið um rekstur Bankans vinnustofu á Selfossi

Tilraunaverkefni í samstarfi ríkis, sveitarfélags og atvinnulífs sem byggir á verkefninu Störf án staðsetningar

Í dag undirrituðu Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi, Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltúi Sv. Árborgar og Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins samkomulag við Sigtún þróunarfélag um rekstur vinnustofu í Landsbankahúsinu á Selfossi, sem Sigtún keypti í vor. Bankinn vinnustofa opnar í lok sumars.

Um er að ræða fyrsta flokks nútíma skrifstofuáðstöðu fyrir um 120 manns sem byggir á þeirri hugmyndafræði að í ljósi tækniþróunar og afleiðinga Covid 19, er starfsfólk stofnana og fyrirtækja um allan heim farin að vinna fjölbreytt störf og verkefni óháð staðsetningu. Jafnframt er af umhverfisástæðum hvatt til þess að dregið sé úr löngum ferðum í og úr vinnu.

Í Bankanum vinnustofu verður boðið upp á alhliða aðstöðu; lítil og stór rými, fundarherbergi, setustofur og tæknibúnað á tveimur efstu hæðum hússins á um 500 fermetra svæði. Þar verða jafnframt fyrirlestrar og aðrir viðburðir fyrir þátttakendur. Aðstaðan, sem opar síðsumars, býður upp á fjölbreytta notkun. Vonast er til að Sunnlendingar sem vinna á höfuðborgarsvæðinu geti nýtt aðstöðuna t.d. í nokkra daga í viku í stað daglegra ferða yfir Hellisheiðina. Þá geti smærri sunnlensk fyrirtæki og einyrkjar átt vísan stað í Bankanum vinnustofu og auk þess gæti aðstaðan nýst þeim sem búa í sumarhúsum hluta úr ári.

„Störf án staðsetningar er hugmyndafræði sem veitir byggðum landsins stórkostlegt tækifæri til að vaxa og dafna. Það samstarf sem felst í sameiginlegri undirritun ríkisins,

sveitarfélagsins, Samtaka atvinnulífsins og einkaaðila á Selfossi færir stefnuna um störf án staðsetningar af hugmyndastiginu yfir í markvissar aðgerðir og uppbyggingu“, segir Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi.

„Tæknilega er hægt að vinna mörg störf heiman frá sér með fjarbúnaði, en fyrir starfsfólk er gríðarlega mikilvægt að vera innan um aðra, að vera hluti af daglegu vinnusamfélagi sem á landsbyggðinni fæst einmitt með því að leiða fólk úr ólíkum greinum saman á fallegum stærri vinnustað eins og hér er stefnt að. SA styður þetta framtak með heilum hug og hvetur allt atvinnulífið til að kynna sér verkefnið á næstu mánuðum“, segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA.

„Verkefnið eykur aðdráttarafl Árborgar sem búsetukostur fyrir vel menntað fólk í ábyrgðarstöðum. Fólk með góða menntun og mörg atvinnutækifæri sækist eftir fallegu og nútímalegu vinnuumhverfi; góðu aðgengi að nýrri tækni og áhugaverðum félagskap. Um er að ræða einstakt tækifæri til að skapa á Selfossi vandaðan vinnustað og vinnusamfélag sem eykur atvinnutækifæri og nýsköpun, byggir upp þekkingarklasa, eykur hagnýtingu í þróun skrifstofurýma fyrir starfsfólk sveitarfélagsins og gefur sveitarfélaginu einstakt tækifæri til að taka forystu á landsvísu í nútíma atvinnuuppbyggingu“, segir Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi í Árborg.

„Samstarf við þessa þrjá aðila, ríki, sveitarfélag og atvinnulíf, er undirstaðan sem þarf til þess að svona verkefni geti farið af stað. Framkvæmdir eru hafnar innanhúss við að gera

þetta frábæra hús tilbúið fyrir nýtt hlutverk, og nú er það okkar að kynna heimamönnum og fyrirtækjum möguleikana, sjá til þess að tilraunin skili árangri og Bankinn Vinnustofa verði eftirsóttur valkostur fyrir fólk og fyrirtæki til framtíðar“, segir Vignir Guðjónsson framkvæmdastjóri Sigtúns þróunarfélags.

Þessir þrír aðilar; ríki, sveitarfélag og SA, koma að tilraunaverkefninu í tvö ár í upphafi með framlagi sem byggir á aðgangi starfsmanna og aðkomu að þróun starfseminnar, t.d. með sameiginlegu kynningarstarfi og samstarfsverkefnum.

Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

D+H BÓKHÁLD

- ✓ Bókhaldspjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
d+hbokhald@gmail.com
s. 6933708

FRÖST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFÖSSÍ - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþiðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020

Jiibbiíi Siggaferrir


- Flutningapjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnapjónustan ehf

Þípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is



Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

